

27. nóvember 2019



# Eftirlit opinberra aðila með aðgengi vefja

Björn Sigurðsson

Umbra – Þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins

| Stjórnarráð Íslands



# Kannanir á opinberum vefjum 2005-17

- Vefir sveitafélaga og ríkisstofnana (240) voru skoðaðir annað hvert ár með tilliti til **aðgengis**, innihalds, nytsemi, þjónustu, lýðræðisvirkni og öryggis
- Aðgengið fyrst aðeins skoðað handvirkt, í eitt skipti aðeins vélrænt en frá 2013 var það bæði skoðað **handvirkt** og **vélrænt**
- Kröfur/viðmið **breyttust** aðeins á tímabilinu
- Aðgengi fór batnandi



## Einnig þetta ...

- Nágrannalöndin hafa fæst verið að gera sambærilegar úttektir á aðgengi vefja
  - Norðmenn með úttektir frá 2014 (eru með reglur sem ná ekki aðeins til opinberra aðila og geta beitt sektum)
- Ríkisstjórn Íslands samþykkti 2012 **aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi** sem byggir á staðli alþjóðlegu samtakanna **W3C** (WCAG 2.0 AA)



**Sagt og birt með fyrirvara um  
ranga túlkun og/eða þýðingu**



# 32018D1524 eða „Commission Implementing Decision (EU) 2018/1524“

“Commission Implementing Decision (EU) 2018/1524 of 11 October 2018 **establishing a monitoring methodology** and the arrangements for **reporting** by Member States in accordance with Directive (EU) 2016/2102 of the European Parliament and of the Council on the **accessibility of the websites and mobile applications of public sector bodies**”

ESB tilskipun um eftirlit og skýrslugerð sem byggir á tilskipun um aðgengi opinberra vefja og farsímaforrita

Hefur tekið gildi í ESB löndum en eftirlitið hefst 2020



# Upplýsingar úr EES-gagnagrunninum

„Gerð í skoðun hjá EES-EFTA ríkjunum“

**Staða** „ESB gerð í skoðun hjá Íslandi, Liechtenstein og Noregi til upptöku í EES-samninginn

**Svið** (EES-samningur, viðauki) „11 Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið, 11.04 Þjónusta tengd upplýsingasamfélaginu“

**Ábyrgt ráðuneyti** „Forsætisráðuneytið“



# Í inngangi: Þessi tilskipun byggir á tilskipun 2016/2102

- Tilskipun 2016/2102 = krafa um aðgengi að vefjum og farsímaforritum (öppum) opinberra aðila
- Krafan er: Skiljanlegt, notendavænt, „skynjanlegt“ (sjá og heyra) og í „góðu lagi“
- Aðallega vísað til staðla og tækniforskriftar í 6. grein tilskipunarinnar – sú grein telur upp ESB staðla
- Þessi tilskipun er enn til skoðunar hjá ESS-EFTA ríkjunum (samkvæmt EES-gagnagrunninum)



## Önnur atriði í inngangi sem skipta máli ...

- Auka **vitund** um aðgengismál og **fræðslu** um þau
- **Kynning** á niðurstöðum – opinber og gagnsæ birting
- **Birta lista** yfir vefi og öpp sem tilskipunin nær yfir
- „Ígrundað val“ á vefjum og öppum sem eru skoðuð
- Hvatt til að nýta líka sjálfvirkt/vélrænt eftirlit eftir því sem tæknin batnar
- Nýta „hlutlausa tækni“ og ekki „lokaðar prófanir“ við eftirlitið – gagnsætt mat
- Tryggja að hægt sé að bera saman niðurstöður, einnig á milli landa





# Greinar tilskipunarinnar eru **12**

## Greinar 1 til 4

### 1. Efni og umfang

- Enn vísað til tilskipunar 2016/2102 þar sem er að finna kröfurnar

### 2. Skilgreiningar

### 3. Tíðni eftirlits

- Fyrsta tímabilið eftirlits er tvö ár (2020 og '21), síðan árlega
- Fyrsta tímabil í eftirliti með öppum byggir á „sýnishornum“ (ljóst að þurfi að þróa)

### 4. Gildissvið og grunngildi eftirlits



## Greinar 5 til 8

### 5. Aðferðir við eftirlit

- Bæði ítarlegt og einfalt eftirlit (nánar í viðauka I)

### 6. Val vefja og appa sem eruð skoðuð

- Vísað til viðauka I

### 7. Upplýsingar um niðurstöður

- Eigendur vefja fá niðurstöðurnar til að gera úrbætur á aðgenginu

### 8. Uppsetning skýrslunnar

- Einnig til á a.m.k. einu opinberu ESB máli



## Greinar 9 til 12

### 9. Innihald skýrslunnar

- Lýsing á úttekt og aðferðarfræði, vísað til krafna um aðgengi

### 10. Tíðni skýrslna

- Skýrsla fyrir hvert tímabil samkvæmt 3. grein

### 11. Frekari tilhögun við skýrslugerð

- Skýrsla opinber á aðgengilegu sniði

### 12. Gildistaka



# Viðauki I – Eftirlit

## Helstu atriði (1)

- Skýring á **ítarlegri** úttekt og eftirlitsaðferðum
- Skýring á **einfaldri** úttekt og eftirlitsaðferðum
  - Dæmi eru sjálfvirkar prófanir sem kanna hvort hægt sé að skoða vef eða app ef notandi ... sér illa / sér ekkert / sé litblindur / heyri ekki/ heyri ill / með takmarkaða vitneskju / sé viðkvæmur fyrir blikkandi ljósi vegna flogaveiki
- Á fyrsta og öðru tímabili skal skoða að lágmarki **75 vefi** + **tvo vefi á hverja 100 þús. íbúa** (Ísland = 82 vefir) með **einfaldari úttekt** – síðan þrjá vefi á hverja 100 þús.



# Viðauki I – Eftirlit

## Helstu atriði (2)

- Ítarlega úttekt skal gera á a.m.k. 5% af lágmarksúrtaksstærð (Ísland = 4 vefir!)
- Gera skal **úttekt** á sex **öppum** og einu fyrir hverja milljón íbúa – ef öpp eru færri þá á a.m.k. helmingi þeirra
- Velja skal **fjölbreytta** vefi/öpp, t.d. á mismunandi stjórnsýslustigum og sem veita ólíka þjónustu til mismunandi markhópa
- Hafa skal samráð við **hagsmunaaðila**, t.d. félög fólks með fötlun
- Á **næsta** „eftirlitstímabili“ skal aftur skoða a.m.k. 10% vefja/appa sem hafa verið skoðuð og a.m.k. 50% skulu vera vefir/öpp sem ekki hafa verið skoðuð



# Viðauki I – Eftirlit

## Helstu atriði (3)

- Taldar eru upp síður sem ber að skoða í **ítarlegri úttekt**
  - Það eru t.d. forsíða, innskráningarsíða, síða um lagalegt efni, síða með aðgengisstefnu auk þess að sækja eitt ytra skjal (PDF)
  - Taka skal tillit til umfangs og stærða vefja



# Viðauki II

## Leiðbeiningar um gerð skýrslu

- Í skýrslu skal koma fram allt um:
  - **Fjölda** vefja, síðna og farsímaforrita
  - **Aðferðir** sem voru notaðar við úttektir og prófanir
  - Hvaða **hugbúnaður** og **tæki** voru notuð
- **Niðurstöður** skulu vera ítarlega tíundaðar
- Val um að bæta við **frekari** upplýsingum en koma fram í tilskipuninni



# Tillögur Norðmanna fyrir EES-ríkin

## Nánari útfærslu á framkvæmd (1)

- **EKKI** markmið EES-ríkjanna að gera minna en kveðið er á um - né fá undanþágur
- Líklega **viðauki** við tilskipunina - er ekki að breyta miklu
- Norðmenn hafa velt fyrir sér umfangi og **kostnaði** – mögulega hlutfallslega hærrí hjá fámennum þjóðum (óþarfa áhyggjur?)
- **Áhyggjur** af:
  - Að halda úti lista yfir opinbera vefi
  - Að einfalda vélræna úttektin verði í raun að stórum hluta handvirk (t.d. val á síðum og athuga texta með myndböndum)





# Tillögur Norðmanna fyrir EES-ríkin

## Nánari útfærslu á framkvæmd (2)

- Dæmi um viðbætur:
  - Hagsmunaaðilar velji einnig vefi (a.m.k. 20%)
  - Nánar fjallað um hvað skýrslur eigi að innihalda
- Binda vonir við þróun [WAI-tólanna](#) til að fylgjast með aðgengi  
WAI er Web Accessibility Initiative sem er „undir“ W3C (World Wide Web Consortium), „tólin“ eru styrkt af ESB
- **Gervigreind** mun gefa ný tækifæri í framkvæmd úttekta
- Ef breytingar verða vegna ábendinga Norðmanna þá gilda þær **einnig** fyrir ESB löndin



# Tillögur Norðmanna fyrir EES-ríkin

## Nánari útfærslu á framkvæmd (3)

- Forgangsmatið að notendur geti **tilkynnt** ef aðgengi er óbótavant og brugðist sé fljótt við
- Hvatt til þess að reglurnar nái einnig til **einkageirans!**



# Hvað þýðir þetta?



## Sjá nánar ...

- EES-gagnagrunnurinn <https://gagnagrunnur.ees.is>
- Tilskipun ESB um eftirlit með aðgengi á opinberum vefjum og öppum  
<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32018D1524>
- Tilskipun ESB um aðgengiskröfur á opinberum vefjum  
<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32016L2102>
- Úttektir á opinberum vefjum 2005-17 – Hvað er spunnið í opinbera vefi?  
<https://www.stjornarradid.is/hesiov>
- Aðgengisstefna fyrir opinbera vefi  
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/upplýsingasamfelagid/opinberir-vefir/adgengisstefna/>

27. nóvember 2019



Takk fyrir að hlusta

Ég fór hratt yfir en glæurnar verða fljótlega aðgengilegar á vef Ský

Netfang: [bjorn.sigurdsson@rfs.is](mailto:bjorn.sigurdsson@rfs.is)

| Stjórnarráð Íslands